

Þjónusta fyrir skiptastjóra og tilsjónarmenn

Deloitte hefur víðtæka þekkingu og reynslu af rannsóknarvinnu, aðstoð við málaferli og öðrum verkefnum sem skiptastjórar og tilsjónarmenn hafa á sinni könnu.

Deloitte veitir fjölbreytta þjónustu sem hentar þörfum skiptastjóra og tilsjónarmanna.

Sérhæfð rannsóknarvinna og aðstoð við málaferli (Forensic & Dispute Services)

Hjá Deloitte starfar hópur sérfræðinga sem sérhæfir sig í rannsóknarvinnu og aðstoð við málaferli. Sérfræðingarnir hafa yfirlit yfir mikla þekkingu á endurskoðun, reikningshaldi, skattamálum, almennri lögfræði, innra eftirliti, upplýsingakerfum og fjármálaráðgjöf. Þessi þekking nýtist vel þegar grunsemdir vakna um sviksamlegt athæfi innan fyrirtækja eða stofnana eða þegar önnur atvik gefa tilefni til rannsókna.

Sérfræðingar Deloitte hafa mikla reynslu af því að vinna með opinberum rannsóknar- og eftirlitsaðilum. Í hópi okkar eru sérfræðingar með reynslu af störfum í fjármálafyrirtækjum og hjá eftirlitsstofnunum.

Auk þess bjóðum við upp á samstarf með erlendum sérfræðingum Deloitte sem hafa áratugareynslu af slíkri þjónustu.

Upplýsingaöflun um viðskiptavini (Business Intelligence Services)

Deloitte veitir þjónustu við upplýsingaöflun um viðskiptavini eða viðsemjendur, t.d. við könnun á bakgrunni og stöðu fyrirtækja eða einstaklinga. Rannsóknin felur í sér leit í gagnagrunnum sem Deloitte hefur aðgang að og veitir upplýsingar m.a. um eignarhald fyrirtækja, stjórnendur þess, eignir og skuldbindingar.

Sérhæfð þjónusta á greiðslustöðvunartíma

Deloitte getur aðstoðað við endurfjármögnun, við að ná kyrrstöðusamningum við kröfuhafa eða í samningum við kröfuhafa um lækkun skulda og/eða skilmálabreytingu þeirra þannig að endurgreiðsluferill samræmist tekjuflæði fyrirtækisins.



Deloitte

Þjónusta fyrir skiptastjóra og tilsjónarmenn

Deloitte er á meðal fremstu sérfræðifyrirtækja á sviði endurskoðunar, reikningshalds, lögfræði, skattamála, fjármálaráðgjafar og upplýsingaöryggis.

Endurskoðun

Deloitte býður upp á endurskoðun og könnun reikningsskila, auk annarra staðfestinga endurskoðenda, s.s. þegar áskilið er að endurskoðendur komi að lausn sérhæfðra verkefna líkt og við slit félaga. Um er að ræða ýmsar álitserðir, sérfræðiskýrslur og staðfestingar á upplýsingum.

Reikningsskil

Deloitte býður viðskiptavinum sínum faglega og áreiðanlega þjónustu á sviði reikningsskila, s.s. gerð árs- og árshlutareikninga, ráðgjöf við úrlausn viðfangsefna á sviði reikningsskila, greining fjárhagsupplýsinga auk allrar annarrar reikningsskilþjónustu.

Áhættuþjónusta

Deloitte veitir þjónustu á sviði innri endurskoðunar, endurskoðunar innra eftirlits, rannsóknarvinnu og ráðgjafar á sviði upplýsingaöryggis.

Fjármálaráðgjöf

Fjármálaráðgjöf Deloitte býður upp á fjölbætta fjármálatengda þjónustu og ráðgjöf. Sem dæmi má nefna aðstoð við sölu eigna, áreiðanleikakannanir fyrir sölufæri, mat á fjárhagslegum áhrifum nauðasamninga, mat á greiðsluhæfi, mat á skuldapoli, fjárhags- og rekstrarlega endurskipulagningu, verðmöt, o.fl.

Skatta- og lögfræðiráðgjöf

Á skatta- og lögfræðisviði Deloitte starfar sérhæft starfsfólk með víðtæka reynslu sem veitir faglega og óháða ráðgjöf á sviði skattaréttar, fjármálaréttar og félagaréttar. Þjónusta okkar felst m.a. í vinnu við samningagerð, endurskipulagningu fyrirtækja, samruna, yfirtöku félaga og gerð skattalegra og lögfræðilegra áreiðanleikakannana. Við höfum einnig mikla reynslu af hvers kyns lána-samningum og samskiptum við fjármálastofnanir og opinbera aðila.

Af hverju Deloitte?

Deloitte er aðili að einu stærsta og virtasta endurskoðunar- og ráðgjafar fyrirtæki heims. Aðild að alþjóðafyrirtækinu veitir okkur aðgang að verðmætum upplýsingum en leggur jafnframt skyldur á okkur um gæðakröfur og öguð vinnubrögð.

Styrkur okkar liggur í metnaðarfullri gæðaðþjónustu við viðskiptavinum, þar sem ólíkir kraftar fólks, sem vinnur að endurskoðun, reikningsskilum, skattaráðgjöf, lögfræðiráðgjöf, fjármálaráðgjöf, áhættuþjónustu og innri endurskoðun, koma saman.

Við störfum náið með viðskiptavinum okkar og kappkostum að vinna okkar sé bæði árangursrík og efli þekkingu viðskiptavina.

Nánari upplýsingar:



Vala Valtýsdóttir

Sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs

Sími: 580-3036

vala.valtysdottir@deloitte.is

Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kraftar þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutfélag (private company limited by guarantee). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðiþjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eda önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinnet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 200.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Þetta rit inniheldur almennar upplýsingar; með útgáfu þess eru aðilar að sérfræðineti Deloitte, þ.e. Deloitte Touche Tohmatsu Limited, aðildarfélög þess eða samstarfsfélög, ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti. Enginn aðili í sérfræðineti Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þetta rit.